

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/29/07

nr. 40/2015

frá 20. mars 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1123/2014 frá 22. október 2014 um breytingu á tilskipun 2008/38/EB um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun fóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2014 frá 17. nóvember 2014 um leyfi fyrir koparbílýsinati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1236/2014 frá 18. nóvember 2014 um leyfi fyrir blöndu með L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* (DSM 25202), sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1249/2014 frá 21. nóvember 2014 um leyfi fyrir inósítóli sem fóðurukefni fyrir fiska og krabbadýr ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 14c (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/38/EB):
„– **32014 R 1123:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1123/2014 frá 22. október 2014 (Stjtið. ESB L 304, 23.10.2014, bls. 81).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 119. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1138/2014):
„120. **32014 R 1230:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2014 frá 17. nóvember 2014 um leyfi fyrir koparbílýsinati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 331, 18.11.2014, bls. 18).
121. **32014 R 1236:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1236/2014 frá 18. nóvember 2014 um leyfi fyrir blöndu með L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* (DSM 25202), sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 332, 19.11.2014, bls. 26).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 23.10.2014, bls. 81.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.11.2014, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 332, 19.11.2014, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 335, 22.11.2014, bls. 7.

122. **32014 R 1249**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1249/2014 frá 21. nóvember 2014 um leyfi fyrir inósitóli sem fæðuaukefni fyrir fiska og krabbadýr (Stjtið. ESB L 335, 22.11.2014, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1123/2014 og framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 1230/2014, (ESB) nr. 1236/2014 og (ESB) nr. 1249/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.